

Ársyfirlit 2019-2020

Síðasti aðalfundur var haldinn 23. mars 2019. Vegna covid19 frestaðist aðalfundur Sögufélagsins Steina sem halda átti um um miðjan mars sl. Nú haldinn 22. júní 2020.

Vinna við útialtarið þokast áfram. Síðasti hluti (af fjórum) ytri hringsins var hlaðinn í apríl 2019. Ari Óskar Jóhannesson og Grétar aðstoðarmaður hans hlóðu. Við fengum góðfúslegt leyfi hjá Hallgrími Rögnvaldssyni í Innra-Hólmi til að sækja grjót í námur hans því Ara leist betur á grjótið þar en í Álfsnesi. (Samkvæmt rituðum heimildum var kirkjan helguð Kolumkilla í kapólskri tíð). Hjalti Andrés Sigurbjörnsson vörubílstjóri sá um flutning grjótsins (það var 9 apríl). Snemma sumars fengum við Jón Jónsson í Varmadal til að flytja finan sand í gólf altaris og aðstoðaði hann okkur einnig við gerð göngustígs að aðalinngangi altarisins, sem snýr í austur.

Messað var 16. júní 2019 í sól og blíðu. Kaffi og kökur voru sem fyrr í boði Sögufélagsins. Sr. Arna Grétarsdóttir sá um helgihaldið. (Vígja átti þennan dag en því miður þurfti að fresta).

Örnefnaganga var laugardaginn 29.júní á vegum Sögufélagsins Steina. Farið var frá útialtarinu og gengið um Esjuhlíðar. Theodór gjaldkeri var leiðsögumaður enda fróður maður um örnefni. Mæting var með ágætum.

Seinnipart júlí fórum við stjórnarliðar og aðstoðarmenn ferð í Kjalarnessfjörur (í landi Víðiness við Þerneyjarsund) og tíndum þar fjörugrjót (flatar flögur) og hugmyndin er sú að hægt væri að nota í stíga innan hringsins (stígurinn sem myndar krossinn). Veður var með eindæmum fallegt og ferðin mjög ánægjuleg. Gerð var prufulagning, síðla sumars sem kom vel út. Þá var um haustið ákveðið að fara aðra ferð í Víðinesfjörur og safna saman meira fjörugrjóti. Þessar

ferður voru báðar einstaklega skemmtilegar og allir í sínu besta ham. Þess má geta að þrír prestar tóku þátt í þessum ferðum og því ekki að undra þó vel tækist til bæði með veður og útkomu þrífalagningar.

Hátíðahöld í tilefni Mannréttindadagsins 10. des var því miður aflýst sökum voðaveðurs sem þá reið yfir landið. Eitt það versta í manna minnum.

Í janúar (18.01) stóð Sögufélagið fyrir sýningu á þeirri þekktu bíómynd „Síðasti bærinn í dalnum“ (1950) eftir Óskar Gíslason kvikmyndagerðarmann. Hrefna S. Bjartmarsdóttir bauð gesti velkomna og Sigpór Magnússon hélt inngang að sýningunni þar sem hann sagði frá kvikmyndinni og stöðu hennar innan íslenskrar kvikmyndasögu. Sigpór átti þá góðu hugmynd að sýningu myndarinnar. Klara Óskarsdóttir dóttir Óskars Gíslasonar var meðal bíogesta. Hún lék álfkonuna í bíómyndinni. Mæting var góð, um 40 manns. Sögufélagið bauð upp á kaffi og meðlæti.

Með vorinu fór starfsemi Sögufélagsins, sökum fordæmralausa aðstæðna hérlendis og víðar, hægt og rólega af stað. Stofnuð var samskiptasíða sem vonast er til að nýtist starfinu vel. Þar kemur fram það efni sem við vinnum að hverju sinni og samræður um það. Vorið notuðum við t.d. í að vinna efni (texta og myndir) á fræðsluskiltum þeim sem staðsetja á við úttalarið.

Þann 8. júní sl. fórum við og tíndum grjót í innri hring altarisins. Til aðstoðar fengum við Hafsteinn Sigurðarson vörubílstjóra. Við fengum aftur góðfúslegt leyfi hjá Hallgrími í Innra-Hólmi til að velja grjót í námu hans. Veglegan styrk fyrir þessum hluta verkefnisins fengum við úthlutað úr Samfélagssjóði Kaupfélags Kjalarnessþings, 1 millj kr.

Aðrir stórir styrkir sem við fengum sl. ár kom frá Högum hf (300 þús. kr) og frá Kristnisjóði (600 þús. kr.) sá seinni er til styrktar gerð keltneska krossins.

Við stefnum að því að leggja innri hringinn nú í júlí og fá okkur til aðstoðar Kristínu Auði Kelddal Elíasdóttur hleðslukonu.

Stjórn Steina fundaði með Guðna Ársæli krosssmið sl. vetur. Þá var ákveðið að freista þess að steypa krossinn í 3ja sinn. Verkið hefur því miður dregist af ýmsum orsökum, sprungum í tveimur fyrri krossum sem steptir voru auk anna hjá krosssmiði. Engu að síður lætur Guðni Ársæll engan billbug á sér finna og ætlar nú að gera 3ju tilraun.

Dagarnir 6. og 20. september, nú í haust 2020, hafa verið orðaðir við vígslu altaris. Of snemmt er þó að segja til um það með vissu fyrr en í ljós kemur hvernig til tekst með krossinn. Ég segi nú í fyllstu einlægni: Guð og heilagur Kolumkilli gefi að það gangi farsællega í þetta sinn enda eru þír heilög tala.

Hrefna S. Bjartmarsdóttir 22. Júní 2020.

